

Umfang og starfsemi

Rekstrarstefna Matvælastofnunar fjallar um hvernig stofnunin geti gegnt skyldum sínum innan fjárheimilda. Þá fjallar stefnan um hvernig auka megi rekstrarlega hagkvæmni, efla rekstrarmeðvitund starfsmanna, gegnsæi í rekstri og stuðla að góðri áætlanagerð í rekstrar- og fjármálum. Auk þess hvernig bæta megi upplýsingagjöf, fræðslu og þjónustu.

Löggjöf sem varðar stefnuna:

- lög um Matvælastofnun nr. 30/2018
- reglugerð um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar nr. 646/2020
- reglugerð um skyldur og ábyrgð forstöðumanna ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs við framkvæmd fjárlaga nr. 218/2020
- lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016
- lög um opinber fjármál nr. 123/2015
- lög um ársreikninga nr. 3/2006
- lög um opinber innkaup nr. 120/2016
- lög um loftslagsmál nr. 70/2012
- fjárlög eins og þau eru samþykkt hverju sinni

Stefnunni er ætlað að styðja við aðrar stefnur stofnunarinnar.

Stöðumat og helstu áskoranir

Stofnunin hefur verið rekin með halla undanfarin ár. Ný gjaldskrá tók gildi 1. júní 2024 sem gefur fyrirheit um bættan fjárhag þar sem tímagjald muni endurspegla raunkostnað við eftirlit og þjónustuverkefni.

Helstu áskoranir:

- Áframhaldandi þróun tímagjalds m.t.t. raunkostnaðar eftirlits
- Dreifing á starfsemi um landið sem hamlar rekstrarlegri hagkvæmni
- Fjölbreytileiki og umfang starfseminnar

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn Matvælastofnunar í rekstrar- og fjármálum er að rekstur og fjárstýring sé skilvirk, hagkvæm og í samræmi við áætlanir. Starfsfólk hefur það sem til þarf til að sinna starfi sínu og notast er við stafrænar lausnir til að einfalda verkferla og bæta ákvarðanatöku, upplýsingagjöf og gagnavinnslu.

Meginmarkmið í rekstrar- og fjármálum eru:

- Að stofnunin sé rekin innan fjárheimilda og rekstur sé hagkvæmur.
- Skýrir verkferlar liggja fyrir og er fylgt, virkt innra eftirliti og áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar. Bókhald stofnunarinnar er í samræmi við lög um opinber fjármál og að auðvelt er að sækja upplýsingar sem nýtast til ákvarðanatöku. Innheimta er skilvirk, áreiðanleg og tímanleg.
- Að hafa góða yfirsýn yfir eignir stofnunarinnar og að þær séu hagkvæmar og umhverfisvænar í rekstri.
- Að öll innkaup stofnunarinnar séu í samræmi við lög um opinber innkaup og gætt sé sérstaklega að jafnræði, meðalhófi, gagnsæi, hagkvæmni og umhverfisáhrifum við innkaup stofnunarinnar.

Markmið

- Ábyrg fjármálastjórnun
- Hagkvæm og umhverfisvæn innkaup
- Markviss áætlanagerð
- Skilvirkar stjórnendaupplýsingar

Samþykkt af yfirstjórn 10. desember 2024.